

Nd.

500. Nefndarálit

[58. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Pegar skattur þessi var á lagður í fyrsta sinn árið 1979 var hann hugsaður sem liður í tímabundnum ráðstöfunum þáverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Skattinum var þá aldrei ætlað að standa í lögum nema mjög skamman tíma, enda er meira en vafasamt að skattur af þessu tagi geti átt rétt á sér nema sem mjög tímabundin ráðstöfun vegna ýmissa augljósra galla á framkvæmd skattheimtunnar, alls kyns mismununar, sem honum fylgir, og hvers kyns vafaatriða, sem skattheimtu af þessu tagi fylgja. Sem frambúðarúrræði í skattamálum er skattheimta af þessu tagi því meira en óæskileg, og þótt skatturinn hafi jafnan verið framlengdur til aðeins eins árs í senn er hann þó smátt og smátt að festast í sessi sem varanlegur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Er sú þróun í meira lagi óæskileg, að veigamiklir „fastir“ tekjustofnar ríkissjóðs skuli vera skattar af því tagi sem frá upphafi voru hugsaðir sem tímabundin bráðabirgðafjáröflun með öllum þeim göllum sem óneitanlega hljóta ávallt að fylgja slíkum tekjuöflunaraðferðum, — göllum sem fara vaxandi þeim mun lengur sem reynt er að teygja slík skammtímafyrirbæri. Hið tímabundna vörugjald er eitt dæmi um slíka bráðabirgðalausn í tekjuöflunarmálum ríkissjóðs sem orðið hefur að varanlegum og umfangsmiklum tekjustofni. Skatturinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er annað slíkt dæmi,

þótt hvorki sé sá skattur orðinn eins fastur í sessi í tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs né eins þungur á metaskálunum og vörugjaldið. Þróunin er þó ótvíræð, og sú þróun er bæði röng og varasöm frá skattalegu sjónarmiði.

M. a. vegna þess, að þingmenn Alþýðuflokksins áttu á sínum tíma hlut að því að leiða sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði í lög sem tímabundið úrræði til aðeins eins árs til fjáröflunar vegna sérstakra efnahagsúrræða haustið 1979, hafa þeir fallist á tilmæli um tímabundna framlengingu skattsins tvívegis síðar. En eins og að framan segir er það skoðun þingflokks Alþýðuflokksins að gjalda beri varhug við að festa slíka skammtímafjáröflunar- aðferð varanlega í sessi, en í þá átt stefnir tvímælalaust með umrædda skattheimtu. Þingflokkurinn telur að nú sé kominn tími til að taka ákvörðun um að stöðva þá þróun þannig að aðilum, sem undirbúa fjárlagagerð, verði gert ljóst, að Alþingi muni ekki fallast á að endurnýja umræddan skatt til frambúðar um eitt ár í senn, og jafnframt hvenær þessi skattheimta verði látin niður falla. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 lagði þingflokkur Alþýðuflokksins til, að sú ákvörðun yrði tekin af Alþingi að umræddur skattur yrði felldur niður í tveimur jöfnum áföngum, hann yrði lækkaður um helming á yfirstandandi ári, en alfarið felldur niður á næsta ári.

Við það tækifæri kom fram að þetta sjónarmið Alþýðuflokksins virðist eiga skilningi og stuðningi að mæta hjá öðrum þingmönnum, m. a. úr Framsóknarflokki. Þeir báru því hins vegar við, að ekki væri nauðsynlegt að taka afstöðu til málsins við fjárlagagerðina — nóg væri að afgreiða málið áður en álagning færi fram, þ. e. fyrir vorið 1982. Nú er sá tími kominn og því rétt að láta reyna á afstöðu þessara þingmanna m. a.

Í samræmi við framangreinda afstöðu þingflokks Alþýðuflokksins, sem fram kom í tillöguflutningi við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs, flyt ég því á sérstöku þingskjali breytingartillögu um að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði lækkaður um helming. Verði sú tillaga samþykkt munu þingmenn Alþýðuflokksins greiða atkvæði með framlengingu skattsins í því formi um eitt ár til viðbótar. Verði sú tillaga felld styðja þingmenn Alþýðuflokksins ekki framlengingu skattsins, en munu í öllum tilvikum skv. framan- sögðu greiða atkvæði gegn frekari framlengingu skattsins verði eftir henni leitað á næsta þingi.

Alþingi, 22. mars 1982.

Sighvatur Björgvinsson.